

Vesturbyggð
Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

2006030087
4607; 9310

Reykjavík, 16. júní 2006
/--

Efni: Snjóflóðavarnir neðan Búðagils á Bíldudal. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Vesturbyggðar dags. 16. mars 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð snjóflóðavarna neðan Búðagils á Bíldudal í Vesturbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 k í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Fornleifavernd ríkisins með bréfum dags. 25. apríl og 9. júní 2006, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 19. apríl 2006, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. apríl 2006 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 27. apríl 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Vesturbyggð með símbréfi dags. 31. maí 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér gerð um 300 m langs leiðigarðs neðan Búðagils. Efsti hluti garðsins stendur hæst 20 m yfir botni snjóflóðarennu sunnan garðsins og er jafnframt hæsti hluti hans. Fram kemur að uppgröftur úr snjóflóðarennunni, sem mótuð verði í lítt gróna aurkeilu, verði notaður við uppbyggingu leiðigarðsins. Um 80.000 m³ verði fjarlægðir úr rennunni við frekari mótun hennar og þar af verði um 75.000 m³ nýttir í fyllingu fyrir leiðigarðinn og landmótun sunnan við garðinn. Nú þegar hafi farið fram efnistaka úr neðri hluta snjóflóðarennunnar vegna landfyllingar fyrir kalkþörungaverksmiðju í Bíldudalsvogi.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að við hönnun og staðsetning snjóflóðagarðs hafi verið miðað við að uppfylla þær öryggiskröfur sem settar séu fram í reglugerð nr. 505/2000 um hættumat og ofanflóð. Þar komi fram að við hönnun varnarvirkja skuli leitast við að auka öryggi þannig að eftir byggingu þeirra sé staðaráhætta fólks neðan varnanna sem næst

ásættanlegri staðaráhættu (0,3 af 10.000) og aldrei meiri en 1,0 af 10.000. Án snjóflóðavarna ógni snjóflóð úr Búdagili byggð á rúmlega 600 m breiðu svæði neðan þess og samkvæmt mati á hættu vegna ofanflóða á Bíldudal sé staðaráhætta í öllum íbúðarhúsum á því svæði yfir ásættanlegri áhættu. Jafnframt kemur fram að við staðarval hafi verið tekið mið af því að sem minnst rask myndi verða á núverandi byggð. Fram kemur að eftir að hafa tekið á móti flóðum sé garðinum ætlað að beina þeim til norðurs í gegnum hluta byggðarinnar og því muni reynast nauðsynlegt að ráðast í uppkaup 5 íbúðarhúsa auk iðndarhúsnæðis. Þá megi búast við aukinni snjósöfnun vegna skafrennings sunnanmegin í garðinn og við norðurbrún snjóflóðarennunnar.

Landmótun og frágangur

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að hvað varðar mótvægisáðgerðir vegna breytinga á ásynnd og yfirbragði svæðisins sé fyrirhugað að hafi fella garðinn inn í umhverfið og styrkja svæðið sem útivistarsvæði. Útlína garðsins verði höfð breytileg svo hún falli betur að staðháttum og staðarefni verði notað við mótun garðsins. Að auki er lagt til að tré verði gróðursett í fláafót og upp í hlíðar leiðigarðsins þar sem halli er ekki of mikill. Til þess að loka yfirborði jarðvegs og hindra rof verði sáð í svæðið en frekari mótvægisáðgerðir felist í mótun stíga um svæðið og gerð útsýnispalls á neðsta hluta leiðigarðsins.

Kynning fyrir íbúum

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að vinna við frumhönnun snjóflóðavarnanna hafi verið kynnt bæjarbúum á Bíldudal á opnum fundi í apríl 2005. Á fundinum hafi verið farið yfir ofanflóðasögu úr Búdagili og samþykkt hættumat og fyrri hugmyndir um varnir á svæðinu kynntar. Að því loknu hafi verið greint frá núverandi hugmyndum um varnir og þær ræddar í samhengi við efnistöku vegna landfyllingar í Bíldudalsvogi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á menningarmínjar Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að þar sem framkvæmdaraðili hafi brugðist við fyrri umsögn stofnunarinnar og látið fara fram fornleifakönnun telji stofnunin að fullnægjandi upplýsingar um mínjar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar liggi fyrir. Fornleifavernd ríkisins bendir á vegna hússins Bjargs sem er innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, að uppistandandi hús og húsafriðun falla ekki undir Fornleifavernd ríkisins heldur samkvæmt lögnum undir Húsafriðunarnefnd ríkisins og sé nauðsynlegt að hafa samband við nefndina ef þurfi að flytja eða rífa húsið.

Áhrif á náttúruvarnir Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að framkvæmdasvæðið sé hvorki friðlýst né á náttúrumínjaskrá. Við framkvæmdina verði hvorki raskað sérstæðum gróðri né jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þá sé fyrirhugað að ráðast í umfangsmikla landmótun til að fella leiðigarðinn sem best að öröskuðu svæði sunnan garðsins sem mótvægisáðgerð gegn neikvæðum sjónrænum áhrifum.

Áhrif á menn og samfélagslegt öryggi Í umsögn Veðurstofu Íslands er bent á að fyrirhugaður varnargarður sé brýn öryggisráðstöfun sem bæta muni öryggi íbúa á Búðargilssvæðinu til mikilla muna.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð um 300 m langs og allt að 20 m hás leiðigarðs til varnar snjóflóðum úr Búðagili á Bíldudal í Vesturbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 k í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að kynning hefur farið fram á frumhönnun snjóflóðavarna meðal bæjarbúa á Bíldudal og að með tilkomu leiðgarðsins er talið að staðaráhætta í húsnum neðan garðsins verður í samræmi öryggiskröfur reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða og mun þannig bæta verulega öryggi íbúa á Búðagilssvæðinu. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að hluta til þegar raskað vegna efnistöku. Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á náttúrurfar verði ekki veruleg en ljóst er að talsverð breyting verður á ásýnd svæðisins með tilkomu garðsins einkum á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur að með þeim tillögum um frágang og landmótun sem lagðar eru til í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila megi draga úr sjónrænum áhrifum snjóflóðagarðsins að því marki að þau verði ekki verulega neikvæð. Með hliðsjón af umsögn Fornleifaverndar ríkisins telur Skipulagsstofnun að bygging leiðigarðsins muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á fornleifar en Skipulagsstofnun vill benda á að leita þarf álits Húsafriðunarnefndar ríkisins þurfi að flytja eða rífa húsið Bjarg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vesturbyggðar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð snjóflóðavarna neðan Búðagils á Bíldudal sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr 785/1999 m.s.b. um starfsleyfi fyrir atvinnurektur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. júlí 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

